



## Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	8. mars 2024	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	<a href="mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is">dagbjartur@ferdamalastofa.is</a>	Sími:	659 9099

### Yfirlit

- Áfram miklar líkur á eldgosi
- Líkleg atburðarás næstu daga:
  - Kvikumagn undir Svartsengi heldur áfram að aukast sem gæti endað með nýju kvikuhlaupi og jafnvel eldgosi.
  - Eldgos gæti hafist með mjög stuttum fyrirvara, jafnvel innan við 30 mínútna.
  - Líklegast er að gos komi upp á svæðinu milli Stóra-Skógfells og Hagafells
- Skjálftavirkni við kvikuganginn hefur farið minnkandi síðan á laugardag 2. mars, einkum síðustu daga.
- Veður hefur hins vegar deytt eða truflað skjálftamælana, svo líklega eru fleiri skjálftar, en allt smáskjálftar.
- Pennsla heldur áfram undir Svatsengi og líkindareikningar byggðir á GPS gögnum sýna að 1.2 milljón m<sup>3</sup> af kviku hafa bæst við kvikuhólfið undanfarna daga og því heildarrúmmál af kviku sem safnast hefur í kvikuhólfið sé áætluð 10 milljón m<sup>3</sup>
- Hættumat var uppfært 7. mars kl 15:40 og gildir að öllu óbreyttu til 12. mars.

### Upplýsingar frá Samhæfingarstöð

#### Uppfært 8. mars kl 10:00

Um 20-25 manns vinna á dag- og næturvöktum við gerð varnargarða í kringum Grindavík og fleira. Svo virðist sem að um 150 – 200 manns séu næturlangt á Svartsengissvæðinu (Bláalónið með lang mestan fjölda).

Nokkuð er um að ferðamenn stoppi á Grindavíkurvegi við nýja hraunið og leggji bílum þar á meðan þeir fara út og skoða hraunið. Búið er að koma upp skiltum sem segja að ekki megi stoppa þarna en það virðist því miður ekki vera virt af ferðamönnum.

Fjögur fyrirtæki verða með starfssemi í Grindavík 8. mars. Eitthvað er gist í húsum í Grindavík undanfarna daga, mismunandi eftir nóttum (5-15 hús / nótt).

Verið er að endurskoða rýmingaráætlun fyrir Grindavík vegna breyttra aðstæðna.

### Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands

#### Uppfært 7. mars kl 15:40

#### Áfram miklar líkur á eldgosi

Uppfært hættumat. Svæði 2 og 3 hafa verið sameinuð í eitt svæði

Líkleg atburðarás næstu daga:

Kvikumagn undir Svartsengi heldur áfram að aukast sem gæti endað með nýju kvikuhlaupi og jafnvel eldgosi. Eldgos gæti hafist með mjög stuttum fyrirvara, jafnvel innan við 30 mínútna. Líklegast er að gos komi upp á svæðinu milli Stóra-Skógfells og Hagafells



Skjálftavirkni við kvikuganginn hefur farið minnkandi síðan á laugardag 2. mars, einkum síðustu daga þar sem fáir skjálftar hafa mælst. Veður hefur hins vegar deyft eða truflað skjálftamælanana, svo líklega eru fleiri skjálftar, en allt smáskjálftar.

Veðrið næstu sólarhringa er líklegt til að hafa áhrif á eftirlitskerfi Veðurstofunnar. Næsta sólarhringinn verður suðaustan strekkingur eða allhvass vindur með rigningu og takmörkuðu skyggni, einkum til fjalla. Föstudagsmorgun (8. mars) dregur úr úrkomu en þann dag og næstu daga er útlit fyrir stöku skúrum og líklegt að skyggni verði lítið meðan þetta ganga yfir. Heldur dregur úr vindi um helgina, suðaustan stinningsgola eða kaldi á sunnudag.

Pensla heldur áfram undir Svartsengi og líkanreikningar byggðir á GPS gögnum frá 3.-6. mars sýna að um 1,2 milljón rúmmetrar af kviku hafa bæst við í kvikuhólfið þessa daga. Þannig að í heildina hafa rúmlega 10 milljón rúmmetrar af kviku safnast í kvikuhólfið. Staðan er því svipuð eins og hún var fyrir kvikuhlaupið 2. mars.

### **Uppfært hættumat**

Veðurstofan hefur uppfært hættumat. Hættustig er óbreytt frá síðast korti. Ein breyting hefur verið gerð á skiptingu svæða. Svæði 2 og 3 hafa verið sameinuð í eitt svæði. Í ljósi þess hvernig virknin hefur þróast er ekki talin lengur ástæða til að meta hættu á þessum svæðum í tvennu lagi. Nýtt hættumat tók gildi kl. 15, fimmtudaginn 7. mars. Hættumatið gildir til 12. mars að öllu óbreyttu.


---

## **Frá Ferðamálastofu**

### **Uppfært 2. mars kl 19:00**

Fulltrúi Ferðamálastofu fylgist með gangi mála á meðan að þessi óvissa er í gangi.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í [dagbjartur@ferdamalastofa.is](mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is) eða 6599099.



Mynd 1Hættumatskort Veðurstofu Íslands 7. mars 2024 [https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi\\_VI\\_7mars\\_2024.png](https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi_VI_7mars_2024.png)